

Nd.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bagutti, Sonja Jolanda (Ólafsson), húsmóðir að Syðstu-Mörk í V.-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, f. í Sviss 12. okt. 1935.
2. Larsen, Benny Heinrich, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1936.
3. Olesen, Jörgen Faurholt, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 10. nóv. 1926. (Fær réttinn 30. apríl 1964).
4. Rasmussen, Finn, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
5. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari, í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. des. 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefnd efri deildar í nefndaráli á þingskjali 273 á 83. löggjafarþingi 13. febrúar 1963. Einn umsækjandinn fullnægir þó ekki skilyrðunum fyr en á árinu 1964 og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hann öðlist réttinn er hann hefur fullnægt skilyrðunum.